

Auglýsing um friðlýsingu Eldborgar í Hnappadal.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa Eldborg í Hnappadal og næsta nágrenni sem náttúruvætti

*Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:*

Að austan ræður Borgarlækur. Að sunnan, vestan og norðan hugsast dregnar hornréttar, beinar línur til höfuðátta, hvergi nær rótum Eldborgargíga en 600 m.

*Þessar reglur gilda um svæðið:*

1. Breytingar á landi, mannvirkjagerð og jarðrask allt er bannað.
2. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, en öllum er skylt að sýna varúð, svo að ekki spillist gróður eða minjar. Fólk er hvatt til að fara merktar gönguslóðir í hlíðum gíganna og annars staðar, þar sem það á við.
3. Umferð hvers konar ökutækja er óheimil.
4. Umferð ferðafólks með hross á svæðinu er háð leyfi og beit stranglega bönnuð.
5. Heimilt er að takmarka beit búfjár, ef það þykir nauðsynlegt vegna gróðurs svæðisins. Girðingar skulu settar í samráði við heimamenn.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess, sem fer með umboð [stofnunarinnar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 10. október 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson

---

Knútur Hallsson